



KENNARASAMBAND  
ÍSLANDS

**„Ímynd og orðræða kennara“**  
**Ársfundur KÍ 17. apríl 2015 Grand Hóтели Reykjavík**  
**Fundargerð**

**Dagskrá:**

- Kl. 09:30 Morgunhressing
- Kl. 10:00 Setning og kosning starfsmanna.
- Kl. 10:10 Skýrsla stjórnar og nefnda.
- Kl. 10:25 Reikningar og fjárhagsstaða KÍ.
- Kl. 10:40 Búsetustyrkur KÍ (húsaleigustyrkur). Samþykkt stjórnar KÍ lögð fram til kynningar
- Kl. 10:55 Staðan í kjaramálum.
- Kl. 11:20 Úttekt á rekstri og starfsemi KÍ og könnun á þjónustu.
- Kl. 12:20 Matarhlé – Matur er matsalnum við hliðina á Hvammi.
- Kl. 13:15 Skólamál – „Ímynd og orðræða kennara“  
Inngangur - Aðalheiður Steingrimsdóttir varaformaður KÍ (10 mín)  
„Virðing að verðleikum“ - Gunnar Steinn Pálsson almannatengill.  
Stutt viðbrögð frá einum kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnanda:
- Kl. 14:00 Hópastarf þvert á skólastig um ímyndarmál KÍ og kennarastéttarinnar.
- Kl. 15:15 Kaffi – standandi
- Kl. 15:30 Samantekt hópastarfs, fyrirspurnir og umræður.
- Kl. 16:00 Fundarstjóri ber upp tillögu til fundarins um ályktun um „ímynd og orðræðu kennara“.
- Kl. 16:10 Ársfundi slitið

**1. Setning og kosning starfsmanna**

Þórður Á. Hjaltsted formaður KÍ bauð fundargesti velkomna og fór yfir helstu þætti sem KÍ hefur tekið sér fyrir hendur á síðasta ári s.s. skipun í stjórnir, Hvítbók og forystufræðslu svo fátt eitt sé nefnt. Þá fjallaði hann einnig um stöðuna í kjaramálum. Þórður þakkaði fulltrúum í stjórn og öðrum þeim sem gegna trúnaðarstörfum, svo og starfsmönnum KÍ, fyrir góð störf á liðnu starfsári. Því næst gerði hann tillögu um að starfsmenn fundarins yrðu eftirfarandi: fundarstjóri, Mjöll Matthíasdóttir; varafundarstjóri og ritari Fjóla Þorvaldsdóttir; ritari Guðbjörg Ragnarsdóttir og var það samþykkt.

**2. Skýrsla stjórnar KÍ og nefnda**

Þórður Á. Hjaltsted formaður KÍ benti á að ársskýrslan hefði lengi verið opinber á heimasíðu KÍ og fundargestir væntanlega búnir að kynna sér hana. Svo í stað þess að fara yfir hana frá orði til orðs óskaði

hann eftir því að fundargestir kæmu frekar fram með fyrirspurnir í umræðutíma. Hægt er að finna skýrslu stjórnar [hér](#).

### 3. Reikningar og fjárhagsstaða KÍ

Hannes Þorsteinsson skrifstofustjóri KÍ fór yfir helstu atriði ársreikninga KÍ 2014. Hægt er að skoða reikningana [hér](#).

Opnað var á umræður um skýrslu stjórnar og reikninga saman og enginn kvaddi sér hljóðs. Þórður Á. Hjaltsted notaði því tækifærið og kynnti Önnu Rós Sigmundsdóttur nýjan lögfræðing Kennarasambandsins.

### 4. Búsetustyrkur KÍ (húsaleigustyrkur). Samþykkt stjórnar KÍ lögð fram til kynningar.

Þórður Á. Hjaltsted formaður KÍ kynnti samþykkt stjórnar KÍ frá 4. júní 2014, sem er eftirfarandi.

*„Kjörnir formenn og varaformenn KÍ og aðildarféлага þess, sem ráðnir eru til starfa hjá KÍ og með lögheimili utan 200 km radíuss frá höfuðborgarsvæðinu, eiga rétt á húsaleigustyrk sem miðast við 2/3 af regluverki Alþingis. KÍ miðar við mánaðarlega upphæð samkvæmt reglum Alþingis að frádregnum 1/3 þar sem KÍ tekur ekki þátt í fæðiskostnaði eins og kveðið er á um í reglum Alþingis. Þannig fái kjörnir fulltrúar af landsbyggðinni 2/3 hluta greidda á grundvelli þeirra sömu reglna.“*

Samþykktin er lögð fram til kynningar á ársfundi KÍ 2015 og einnig var gerð könnun meðal fundarmanna á álitum þeirra á samþykktinni og dreift miðum þar sem fundargestir gátu hakað við ákveðna möguleika. Niðurstaða könnunarinnar verður tekin til skoðunar hjá stjórn KÍ og síðan verður samþykktin endanlega borin undir þing KÍ 2018.

Ein athugasemd barst frá fundargestum. Dýrleif Skjöldal kom með ábendingu um að 200 km viðmið væri of löng vegalengd.

### 5. Staðan í kjaramálum

Oddur S. Jakobsson hagfræðingur KÍ ræddi um verkföll, vinnutíma og laun og tengdi umræðuna í samfélaginu við ímynd og orðræðu um kennara. Oddur fjallaði um SALEK skýrsluna sem kom út í febrúar 2015. Helstu niðurstöður sýna að kaupmáttaraukning varð á tímabilinu 2006-2014. Í heild hafa laun ASÍ og ríkistarfsmanna hækkað mest á þessu tímabili, kennarar hafa hækkað næst mest. Það er svo mismunandi eftir hvaða aðildarfélag KÍ á í hlut. Árið 2014 náðu kennarar tveimur efstu sætunum, en með verkföllum og með því að skoða vinnutímamann.

Oddur fjallaði um framkvæmd verkfallsaðgerða ýmissa stéttarféлага sem hafa tekið á sig margar myndir undanfarið. Félög BHM eru að fara leiðir sem ekki hafa verið farnar áður hér á landi t.d. verkfall hálfan dag í viku, ákveðna vikudaga og jafnvel ákveðnar klst að kvöldi. Þessar leiðir brjóta ekki í bága við lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna samkvæmt nýlegum úrskurði Félagsdóms. Í samfélaginu virðist ríkja sú skoðun að kennarar séu verkfallsglaðir. Þá hefur almenningi verið tíðrætt um vinnutíma kennara og ekki alltaf skilningur á því hvernig hann er saman settur. Framundan er síðan að gera nýja kjarasamninga við þrjú aðildarfélög KÍ á þessu ári.

## 6. Úttekt á rekstri og starfsemi KÍ og könnun á þjónustu

Þórhallur Ólafsson, Arnar Jónsson og Þröstur Freyr Gylfason frá Capacent fóru yfir helstu niðurstöður. Þórhallur fór yfir helstu niðurstöður þjónustukönnunarinnar. Meirihluti félagsmanna í Kennarasambandi Íslands er ánægður með þjónustu starfsmanna KÍ og félagar bera traust til sambandsins. Hægt er að skoða niðurstöðurnar á [heimasíðu KÍ](#).

Þröstur Freyr sagði frá helstu niðurstöðum úttektar á rekstri og starfsemi KÍ og fór yfir þær tillögur sem Capacent leggur til, en þær eru:

1. Framtíðarsýn fyrir Kennarasambandið í heild, agt er til að skilgreind verði stefna og framtíðarsýn sambandsins til fjögurra ára í senn. Lögð verði áhersla á hver er kjarni, hlutverk og markmið Kennarasambandsins inn á við og út á við.
2. Reglubundið mat á framkvæmd stefnumála KÍ. Reglulegt mat verði lagt á þau stefnumið sem tekin hafa verið og gerðar úrbætur þar sem þess er þörf.
3. Samskiptastefna KÍ og málsvarahlutverk. Lagt er til að mótuð verði stefna og málsvarahlutverk formanns KÍ, varaformanns og formanna aðildarfélaganna verði gerð skýrari og ákveðnari.
4. Afmörkun á verklagi og verkaskiptingu og samræming milli einstakra félaga og KÍ. Skýra þarf betur hvað tilheyrir KÍ og hvað hverju aðildarfélagi fyrir sig. Skýra þarf boðleiðir og styrkja milli kjörinna fulltrúa og starfsmanna Kennarahússins.
5. Mannauðsmál í Kennarahúsi. Lagt er til að það verði forgangsmál að jafna álag og verkefni á milli starfsmanna í Kennarahúsinu.
6. Kaup eða leiga á hentugu húsnæði fyrir starfsemi KÍ. Bent er á að starfsemin geti ekki lengur verið í svo óhentugu húsnæði.
7. Efling samstarfs um fagleg málefni. Lagt er til að efla fræðslustarfsemi samtakanna.
8. Aukið samstarf við önnur heildarsamtök. Efla þarf samstarf við önnur heildarsamtök launamanna hér á landi.
9. Miðlun upplýsinga um erlent samstarf á vegum KÍ. Upplýsa þarf féлага innan KÍ meira um það sem fram fer í erlendu samstarfi og mætti í því sambandi setja skýrslur og fundargerðir á heimasíðu.
10. Opnari og bætt samskipti við opinbera aðila. Lagt er til að samskipti verði opnari bæði hvað varðar fagleg málefni sem kjaraleg.
11. Útgáfu- og kynningarmál með hliðsjón af þjónustukönnun. Niðurstöður þjónustukönnunar verði nýttar til þess að auka vitneskju félagsmanna um starfsemi sambandsins.

Arnar Jónsson fór yfir fjárhagslega frammistöðu starfseminnar. Hann sagði að rekstartekjur Kennarasambandsins hafi aukist og eignir einnig sem er mjög gott. Staða sambandsins rekstrarlega er því í góðu ásigkomulagi.

Arnar fór svo ítarlega yfir úttekt á orlofssjóði KÍ. Hann vitnaði í fyrri skýrslu ParX um hlutverk sjóðsins og skýrði frá rekstrartekjum hans og rekstrargjöldum. Staða sjóðsins er sterk. Eignir hans eru 545.5 milljónir króna í dag, en voru 504 milljónir árið 2011. Langtímaskuldir hafa lækkað um helming frá árinu 2011, sem er mjög gott miðað við kreppu síðustu ára. Skammtímaskuldir voru rúmar 15 milljónir árið 2014 en voru 31.8 milljónir árið 2011. Eigið fé hefur því aukist um 26, 2 % frá því 2011.

Skrifstofu- og aðstöðugjöld hafa hækkað, tölvukerfi og auglýsingar hafa einnig hækkað samkvæmt ákvörðunum sem teknar voru á þingi KÍ. Farið var í að gera nýtt tölvukerfi sem hefur nýttst vel til þess að anna umsóknum í sjóðinn. Það er mat Capacent að leið KÍ hafi verið bæði skynsamleg og í góðu samræmi við umfang og eðli þeirrar starfsemi sem fer fram á vegum KÍ. Núna eru allar umsóknir rafrænar og hefði ekki verið hægt miðað við fjölda umsókna að anna álaginu öðruvísi.

Capacent átti að skoða sérstaklega hvort það væri hagstætt að reka sjóðinn utan KÍ. Niðurstaða Capacent er að slíkur rekstur yrði afar óhagstæður, en rekstrarlegur óhagstæður mismunur yrði 12.8 til 15.5 milljónir króna. Orlofssjóður er eins og fyrirtæki þar sem er meiri eftirspurn en framboð.

Að lokum fór Arnar yfir mismunandi sviðsmyndir um skipurit KÍ. Capacent leggur til að gerðar verið breytingar á skipulagi KÍ og lagðar eru til 4 tillögur sem sjá má í skýrslu Capacent á [heimasíðu KÍ](#).

## 7. Matarhlé

### 8. Skólamál – „Ímynd og orðræða kennara“

Aðalheiður Steingrimsdóttir varaformaður KÍ talaði um að kennarastéttin væri í varnarbaráttu alls staðar í heiminum m.t.t. sparnaðar, breytinga í vinnuumhverfi og gagnrýnnar samfélagsumræðu. Krefjandi er fyrir kennara að halda sjó við þessar aðstæður og að stéttin upplifi ekki að starf hennar sé ekki metið að verðleikum.

Gunnar Steinn Pálsson almannatengill hefur unnið sem ráðgjafi á sviði almannatengsla og auglýsingagerðar um áratugaskeið, einkum á sviði sérstakra átaksverkefna (skammtímaverkefni) annars vegar og ímyndarmála fyrirtækja og félagasamtaka (langtímaverkefni). Gunnar sér tækifæri til að lyfta upp kennarastéttinni en þá baráttu þarf að heyja á milli kosninga en ekki í kosningu. Skapa þarf hundrað manna her og þjálfa hann í að gera hann að málsvara. Fara upp með stjórnur í kennarastétt og koma þeim markvisst á framfæri. Það þarf mikið átak til að snúa vörn í sókn, tryggja nýliðun, næra hvetjandi umræðu, efla mikið samstarf og taka þátt í skólapólitískri umræðu. Kennarar bera ekki almennilega virðingu fyrir sjálfum sér og þar byrjar allt. Finna þarf kerfi sem getur staðið í 10 ár. Gunnar Steinn færði KÍ slagorðið: „**Kennarinn þinn**“ og leggur til að það verði notað því að það nær til fólks.

Hann ræddi um nokkrar leiðir sem færar eru.

Dagur kennslunnar – af hverju er ekki komið á degi þar sem sérstök áhersla er á skólamál. Allir skólar opnir, haldið málþing, hvatningarverðlaun afhent, mál dagsins ákveðin, greinaskrif og aukin umfjöllun í fjölmiðlum í kringum daginn.

Íslenskan – KÍ á að tengja sig við íslenskuna og gerast málsvari hennar. Þannig á KÍ að hefja samstarf við opinbera aðila sem hægt er að tengjast vegna hnignandi íslenskukunnáttu barna og ungmenna t.d. Mjólkursamsalan, Íslensk málstöð, Háskólar, Mennta- og menningarmálaráðuneytið, fjölmiðlar og bakhjarlar frá atvinnulífinu.

Þá sagði Gunnar Steinn að stórbæta þurfi samskiptamál KÍ. Kynningarstarf er skamskiptamál en ekki fréttabréf í dag. Það er mikil vinna og nærast í núinu og allir þurfa að taka þátt í því, ekki bara talsmenn. Bregðast þarf strax við samfélagsmiðlum. Kennarar eru fyrirmynd og orðfærið þarf að vera í takti við virðinguna sem þeir vilja njóta.

Lykilorðin núna hér eftir eru:

Virðing - í sinni víðustu mynd

Samskipti - ekki upplýsingamiðlun

Hópefli - á meðal kennara

Kennarinn þinn - samnefni þessa verkefnis

Dagur kennslunnar - árlegur brennipunktur

Sjálfstæð nefnd - með tíu ára traust

Lífsstíll - ekki átak

Peningar - miklir peningar

Ingunn Ósk Sturludóttir kennari við Tónlistarskólann á Ísafirði sagði m.a. að við erum stór stétt og þurfum að leggja áherslu á samveru, samlegð, sköpun o.fl. Meira samstarf allra skólastiga, jákvætt og uppbyggilegt, flæðið óheft ný menntun er okkar allra. Við náum ekki marki okkar nema að við vinnum að þessu öll sem einn og fagvitund er leiðarljósið og ásýnd okkar.

Rannveig Óladóttir, náms- og starfsráðgjafi, Valhúsaskóla Seltjarnarnesi sagði að óskamynd af kennurum og ímynd er að kennarar séu fjölbreyttur hópur fólks á öllum aldri, af báðum kynjum, með ólíkan bakgrunn sem sinnir störfum sínum af alúð og gleði. Það er margt sem gefur kennarastarfinu gildi. Allir muna eftir kennurum sínum og þeir eftir nemendum sínum. Búið að tala um að standa saman. Það þarf að líta á skólann sem heild, allir sem eru í skólanum eru hluti af teyminu í skólanum og eiga að vinna saman. Finnst þetta spennandi og að það eigi að einbeita sér að unga fólkinu og hvetja það til kennaranáms.

Sigurður Sigurjónsson, aðstoðarleikskólastjóri, leikskólanum Akraseli á Akranesi benti á að það þurfi að passa kaffistofumræðuna einkum ef fjölga á karlmönnum í stéttinni. Viðhorf til karla í kennslu þarf að bæta hér á landi. Mikilvægt er er að kynna störf kennara allra skólastiga og skólagerða og það er starf sem þarf að fara fram inn í skólunum.

### **9. Hópastarf þvert á skólastig um ímyndarmál KÍ og kennarastéttarinnar**

Arnar Jónsson og Þróstur Freyr Gylfason, Capacent stýrðu hópavinnu. Borð voru númeruð og ársfundarfulltrúum raðað á borð þannig að fulltrúi allra skólastiga væru við hvert borð. Niðurstaða borðanna var í formi veggspjalda sem hengd voru upp í salnum.

### **10. Kaffi**

### **11. Samantekt hópstarfs**

Arnar Jónsson og Þróstur Freyr Gylfason frá Capacent fóru yfir helstu niðurstöður hópstarfsins og farið var yfir veggspjöldin og dregin helstu atriði fram. Greinilegt var að fundargestir lögðu áherslu á virðingu og samvinnu.

### **12. Fundarstjóri bar upp tillögu fundarins um ályktun um „ímynd og orðræðu kennara“.**

Ályktunin samþykkt samhljóða en kallað var eftir jákvæðari nálgun í texta.

### **13. Fundarslit**

Aðalheiður Steingrímsdóttir varaformaður KÍ ávarpaði fundargesti og þakkaði fyrir góðan dag og sagðist stolt af framgöngu kennara í dag. Hún sagði að við þurfum að halda áfram og ýta þessu verkefni úr vör. Kjarninn er að efla sjalfsvirðingu kennara. Við erum á réttri leið, við þurfum að styrkja starfsgrunninn og komast þangað sem við viljum komast. Það er okkar allra forystusveitarinnar að gera áætlanir um það hvenær, hvernig og hvað við viljum gera. Hugsunin í ályktuninni er hvatning til okkar að leggja strax af stað í þetta verkefni. Við ætlum að vera byrjuð á verkefninu þegar við komum saman á næsta ársfundi KÍ. Aðalheiður þakkaði fyrir daginn. Þakkaði starfsmönnum fundarins og sleit ársfundinum.

**Fjóla Þorvaldsdóttir og Guðbjörg Ragnarsdóttir  
rituðu fundargerð.**